

# Ársskýrsla Félags forstöðumanna ríkisstofnana 2011 - 2012



Farsælt starf í 25 ár  
1986-2011

Stjórn Félags forstöðumanna ríkisstofnana  
4. maí 2012

## Inngangur

Eftirfarandi ársskýrslu Félags forstöðumanna ríkisstofnana er ætlað að gefa yfirlit yfir helstu verkefni og megináherslur á starfsárinu maí 2011 til maí 2012. Frekari upplýsingar um starfsemina er t.d. að finna á heimasíðu félagsins ([www.ffr.is](http://www.ffr.is)), á fésbókarsíðu félagsins (<https://www.facebook.com/forstodumenn>) eða í fundargerðum stjórnarfunda og félagsfunda.

### 1. Aðalfundur FFR 11. maí 2010

Aðalfundur FFR var haldinn á Grand Hótelu í Reykjavík þann 18. maí 2011. Fundinn sóttu um 50 félagsmenn eða gestir. Fundarstjóri var Eyjólfur Sæmundsson forstjóri Vinnueftirlitsins en sérstakur gestur fundarins var Ragna Árnadóttir skrifstofustjóri hjá Landsvirkjun og fyrrverandi ráðherra. Eftirfarandi eru helstu ákvarðanir og helstu niðurstöður aðalfundar FFR 2011 :

#### Stjórnarkjör

Sigríður Snæbjörnsdóttir, f.h. uppstillingarnefndar sem í sátu hún og Gísli Tryggvason, gerði grein fyrir eftirfarandi tillögum nefndarinnar að skipan næstu stjórnar FFR 2011 – 2012.

#### Aðalstjórn:

Magnús Guðmundsson, formaður  
Anna Birna Þráinsdóttir  
Gissur Pétursson  
Ingibjörg S. Sverrisdóttir  
Magnús Skúlason

#### Varastjórn:

Már Vilhjálmsson  
Sigríður Lilly Baldursdóttir  
Sveinn Margeirsson

Önnur framboð komu ekki fram og var formaður kosinn sérstaklega og síðan stjórn og varastjórn kjörin með lófataki.

Stjórnin skipti með sér verkum í framhaldinu þannig að Ingibjörg Sverrisdóttir varð varaformaður, Anna Birna ritari, Gissur Pétursson gjaldkeri og Már Vilhjálmsson umsjónarmaður heimasíðu. Aðrir voru meðstjórnendur.

### Kosning fulltrúa í starfskjaranefnd

Tillögur uppstillingarnefndar um breytingar í starfskjaranefnd 2011 – 2012.

Uppstillingarnefnd lagði til að starfskjaranefnd verði skipuð á eftirfarandi hátt:

Steingrímur Ari Arason  
Kristín Völundardóttir  
Indriði H. Þorláksson

Önnur framboð komu ekki fram og var tillagan samþykkt með lófataki.



Stjórn og starfskjaranefnd FFR 2011-2012, frá vinstri: Anna Birna Þráinsdóttir, Steingrímur Ari Arason, Indriði H. Þorláksson, Sigríður Lillý Baldursdóttir, Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir, Magnús Guðmundsson, Már Vilhjálmsson, Gissur Pétursson, Magnús Skúlason, Kristín Völundardóttir. Á myndina vantar Svein Margeirsson.

### Endurskoðaðir reikningar félagsins

Gissur Pétursson gerði grein fyrir reikningum félagsins. Rekstrarniðurstaða ársins var kr. 449.651 í hagnað. Eigið fé félagsins er kr. 2.745.979. Reikningar voru samþykktir án athugasemda.

## Ákvörðun árgjalds félagsmanna

Gissur Pétursson gjaldkeri félagsins gerði tillögu um að félagsgjaldið yrði hækkað úr 6.000 kr í 7.000 kr og var það samþykkt. Ekki var að þessu sinni gerð tillaga um breytingar á gjaldi fyrir fyrrverandi forstöðumenn sem er kr. 1500.-

## Ályktanir

Magnús Guðmundsson formaður FFR lagði fram tillögu að ályktun um kjaramál forstöðumanna ríkisstofnana. Ályktunin var eftirfarandi:

### **„Ályktun aðalfundar Félags forstöðumanna ríkisstofnana, 18. maí 2011, um rýrnun starfskjara og meint lögbrot kjararáðs**

*Á grundvelli laga nr. 148/2008 voru laun forstöðumanna ríkisstofnana lækkuð um 5-15% hinn 1. mars 2009 og hafa síðan haldist óbreytt. Löggin voru samþykkt á Alþingi í desember 2008 og áttu upphaflega að gilda til ársloka 2009, en voru ári síðar framlengd til 30. nóvember 2010 með lögum nr. 127/2009.*

*Að meðaltali lækkuðu laun forstöðumanna ríkisstofnana um 9,2% í mars 2009. Síðan þá hefur verðlag hækkað um 11,8% og kaupmáttur launanna samanlagt rýrnað um 18,8%. Eftir að launin voru síðast hækkuð fyrir þremur árum í maí 2008 hefur verðlag á hinn bóginn hækkað um 22,9% og kaupmáttur launa forstöðumanna ríkisstofnana samanlagt lækkað um 26,1%.*

*Frá mars 2009 og fram að gerð nýrra kjarasamninga á almennum vinnumarkaði nú í maí 2011 hækkuðu laun í landinu að meðaltali um 8,4% samkvæmt launavísitölu Hagstofunnar. Með öðrum orðum, á sama tíma og kaupmáttarskerðing forstöðumanna ríkisstofnana var 18,8% rýrnaði kaupmáttur launa almennt um 3,0%.*

*Lögskipað kjararáð ákveður laun og starfskjör forstöðumanna ríkisstofnana og ætti lögum samkvæmt að vera búið að afturkalla launalækkunina frá í mars 2009 fyrir löngu. Daginn sem inngripi löggjafans lauk 30. nóvember 2010 fundaði starfskjaranefnd FFR og formaður FFR með kjararáði. Farið var yfir stöðu mála og báðir aðilar lýstu yfir vilja til samstarfs. Síðan þá hefur ekkert gerst í málefnum forstöðumanna ríkisstofnana og kjararáð ítrekað virt erindi FFR og einstakra félagsmanna að vettugi.*

*FFR krefst þess að kjararáð afturkalli án frekari tafa launalækkunina frá 1. mars 2009 og að afturköllunin gildi frá 1. desember 2010. Sinnuleysi kjararáðs er ómálefnalegt og andstætt lögum nr. 47/2006 um ráðið. Jafnframt er þess krafist að laun og starfskjör forstöðumanna ríkisstofnana verði þegar í stað endurskoðuð í samræmi við ákvæði 8. og 10. gr. laga um ráðið.*

*Verði kjararáð ekki við framangreindum kröfum er eðlilegt að þeim sé fylgt eftir með málsókn á hendur ráðinu. Meint lögbrot kjararáðs snýst ekki aðeins um laun og starfskjör forstöðumanna ríkisstofnana heldur grefur það undan trausti og virðingu fyrir íslenski stjórnslu. Við það verður ekki unað.“*

Ályktunin var samþykkt og var hún í kjölfar fundarins sendar fjölmiðlum auk fjármálaráðherra og kjararáði.

## 2. Störf stjórnar FFR

Stjórn FFR fundaði að jafnaði mánaðarlega á starfsárinu en tekið var sumarhlé frá júní-ágúst 2012. Stjórnin hélt alls 10 bókaða stjórnarfundir auk ýmissa annarra funda sem stjórn eða hluti stjórnar sótti f.h. FFR s.s hjá nefndum Alþingis vegna umsagna um frumvörp og í ráðuneytum. Stjórnarfundir voru að öllu jöfnu haldnir fyrsta föstudag í mánuði og tóku stjórnarmenn til skiptis að sér að halda fundina á sinni stofnun.

## 3. Félagsfundir FFR á starfsárinu

Þrír eftirfarandi félagsfundir voru haldnir hjá FFR á starfsárinu 2011-2012:

**Félagsfundur 10. nóvember 2011:** Fundurinn var haldinn á Grand hóteli í Reykjavík og sóttu hann um 90 forstöðumenn. Dagskrá fundarins var eftirfarandi:

1. Setning fundar: Magnús Guðmundsson, formaður FFR
2. Framsaga; Svanhildur Kaaber formaður Kjararáðs
3. Kjaramál forstöðumanna: Steingrímur Ari Arason
4. Vinna nefndar um starfsskilyrði og kjör forstöðumanna: Stefán Eiríksson og Margrét Friðriksdóttir
5. Tillögur lagðar fram um næstu skref í kjaramálum
6. Önnur mál

Svanhildur Kaaber afboðaði sig á fundinn með skömmum fyrirvara.

Á þessum félagsfundi var samþykkt eftirfarandi ályktun sem var eftirfylgni við ályktun aðalfundar frá 18. maí 2012.

*„Félagsfundur Félags forstöðumanna ríkisstofnana (FFR) haldinn 10. nóvember 2011 samþykkir að fela stjórn og starfskjaranefnd félagsins að halda áfram undirbúningi málshöfðunar á hendur ríkinu vegna brota kjararáðs á skyldum sínum samkvæmt lögum nr. 47/2006 um ráðið. Að mati FFR er það brot á lögum um kjararáð að ráðið hafi frestað með úrskurði frá 28. júní síðastliðnum að afturkalla launalækkun forstöðumanna ríkisstofnana sem gildi samkvæmt sérstöku lagaákvæði um launafyrstingu frá 1. mars 2009. Kjararáð hefur jafnframt frestað að*

*ákvarða forstöðumönnum ríkisstofnana laun með hliðsjón af launaþróun síðustu missera og innra samræmis þeirra sem undir ráðið heyrar. Þá hefur kjararáð við gerð úrskurðarins frá 28. júní 2011 brotið gegn ákvæðum stjórnarsýslulaga um andmælarétt, málshraða og meðalhóf.“*

Samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða fundarmanna og var ályktunin í framhaldinu send fjármálaráðherra, forsætisráðherra og kjararáði.

**Afmælisfundur FFR 25. janúar 2012.** Í tilefni af 25 ára afmæli FFR var haldinn hátíðarfundur á Grand hóteli og bauð félagið upp á hátíðarmálsverð í tilefni þess. Fundinn sóttu um 90 forstöðumenn. Á fundinum flutti Óli H. Þórðarson skemmtilegt og mjög fróðlegt erindi um sögu FFR. Erindið er hægt að lesa á heimasíðu FFR: <http://www.ffr.is/media/files/FFR%2025%20ara%20Oli%20H%20Th.pdf>

**Félagsfundur FFR 25. apríl 2012 með fjármálaráðherra:** Félagsfundur FFR var haldinn á Grand hóteli í Reykjavík þann 25. apríl 2012 og var fundarstjóri Margrét María Sigurðardóttir umboðsmaður barna. Gestur fundarins var Oddný G. Harðardóttir fjármálaráðherra og flutti hún framsögu, svarað fyrirspurnum og tók þátt í umræðum m.a. um starfsumhverfi forstöðumanna og fjárlagaferlið. Fundurinn var haldinn í framhaldi af morgunverðarfundum um starfsumhverfi forstöðumanna. Fundurinn var vel sóttur, alls mættu um 60 forstöðumenn.

#### 4. Starfskjaranefnd FFR

Starfskjaranefnd FFR undir forystu Steingríms Ara Arasonar vann ötullega að því á starfsárinu 2011-2012 að afla upplýsinga um stöðuna í kjaramálum forstöðumanna auk þess að þrýsta á að Kjararáð vinni samkvæmt lögum. Unnið var að kvörtun til umboðsmanns Alþingis sem var send í júlí 2011 (sjá nánar hér á eftir) og einnig var unnið að því í samvinnu við Láru V. Júlíusdóttir hrl. að undirbúa málssókn gegn kjararáði vegna meintra brota ráðsins á skyldum sínum skv. lögum nr. 47/2006 um ráðið. Vinnu við þetta verkefni lauk að mestu í febrúar 2012 en ákveðið var af stjórn FFR að bíða með stefnuna þar til umboðsmaður Alþingis hefur lokið við að skila álitum vegna kvörtunar félagsins sem hefur verið til meðferðar síðan í júlí 2011.

#### Ályktun FFR um kynbundin launamun

Á fundi stjórnar FFR þann 7. febrúar 2012 var samþykkt að semja ályktun um kynbundin launamun vegna þeirra sem kjararáð ákvarðar laun. Þetta var ákveðið af gegnum tilefni í kjölfar mála sem fleiri en ein kona í FFR hafa staðið í undanfarið: Ályktunin sem er dagsett 17. febrúar 2012 var afhent kjararáði á fundi fulltrúa FFR með ráðinu þann dag en auk þess voru afrit af ályktuninni send forsætisráðherra og fjármálaráðherra. Ályktunin er eftirfarandi:

*„Af gefnu tilefni krefst stjórn Félag forstöðumanna ríkisstofnana (FFR) þess að Kjararáð gæti jafnréttis við launaákvæðanir. Ákvarða þarf laun fyrir*

*starfið en ekki einstaklinginn sem gegnir því. Forsendur og viðmið við mat á störfum þurfa að vera einföld, réttlát, skýr og öllum aðgengileg. Félagið skorar á Kjararáð að rannsaka skipulega bæði grunnlaun og fjölda eininga hjá þeim sem heyra undir ráðið, auk annarra launategdra þátta og uppræta í kjölfarið kynbundinn launamun meðal forstöðumanna.“*

### **Ályktun um starfsöryggi forstöðumanna ríkisstofnana**

Vegna málefna forstjóra Fjármálaeftirlitsins sem voru talsvert til umfjöllunar í febrúar 2012 þá sendi stjórn FFR frá sér eftirfarandi ályktun sem er dagsett 19. febrúar 2012:

*„Að gefnu tilefni, þ.e. óvæginni aðför að forstjóra Fjármálaeftirlitsins Gunnari Þ. Andersen, krefst stjórn Félag forstöðumanna ríkisstofnana (FFR) þess að forstöðumenn ríkisstofnana njóti þeirra lögbundnu réttinda að farið sé að stjórnarsýslulögum og starfsmannalögum þegar fjallað er um störf þeirra á vegum stjórnvalda.*

*Það eru réttindi opinberra starfsmanna hér á landi að njóta andmælaréttar og að gætt sé meðalhófs ef upp koma álitæfni um störf eða hæfni. Við mat á hæfni forstöðumanna er mikilvægt að byggt sé á faglegum atriðum en ekki tilfinningum eða huglægum þáttum. Þetta er ekki síst mikilvægt nú þegar forstöðumenn ýmissa stofnana vinna að erfiðum og viðkvæmum verkefnum sem snúa að uppgjöri vegna hruns fjármálakerfisins hér á landi 2008. Á slíkum tímum þarf staðfestu, úthald og stuðning fagráðuneytis og ráðherra.“*

### **5. Kvörtun til umboðsmanns Alþingis**

Félag forstöðumanna ríkisstofnana kvartaði til umboðsmanns Alþingis þann 14. júlí 2011 vegna seinagangs og meintra brota kjararáðs á lögbundnum skyldum þess. Í framhaldi þeirrar kvörtunar ritaðu umboðsmaður Alþingis kjararáði bréf dagsett. 13. október 2011 þar sem óskað var skýringa á 12 efnisatriðum sem snúa að vinnubrögðum ráðsins (bréf umboðsmanns var sent í tölvupósti til forstöðumanna). Kjararáð svaraði umboðsmanni Alþingis með því að vísa til úrskurðar ráðsins sem er dagsettur 21. desember 2011 en einstökum spurningum umboðsmanns var ekki svarað. Umboðsmaður ritaði FFR bréf dagsett 23. desember 2011 þar sem hann spurði í stuttu máli hvort að félagið vilji hald kvörtun sinni til streitu. FFR svaraði umboðsmanni með eftirfarandi bréfi dags. 6. janúar 2012 :

*„Vísað er til bréfs, dags. 23. desember sl., þar sem óskað er eftir afstöðu Félags forstöðumanna ríkisstofnana (FFR) til þess að halda til streitu kvörtun sinni frá 14. júlí 2011 og þá um hvaða atriði, sbr. úrskurð kjararáðs frá 21. desember sl. Því er til að svara að FFR telur að kjararáð hafi ekki uppfyllt lagaskyldu sína með ákvörðun ráðsins frá*

21. desember sl. Með ákvörðuninni var launalækkun kjararáðs frá árinu 2009 afturkölluð, en ekki frá 1. desember 2010 að telja heldur frá og með 1. október 2011. Eftir stendur ólögmet launalækkun í tíu mánuði eða frá 1. desember 2010 til 30. september 2011 (sem samtals jafngildir u.þ.b. einum mánaðarlaunum fyrir hvern og einn forstöðumann).

Ekki er komið til móts við önnur umkvörtunarefni FFR, auk þess sem afar mikilvægum spurningum umboðsmanns Alþingis frá 13. október sl. hefur ekki verið svarað. Ráðið leitast einungis við að svara tveimur þeirra, sbr. umfjöllun í úrskurðinum um framlengingu launalækkunarinnar á grundvelli laga nr. 127/2009 (sjá VI. kafla) og um það álitaeefni að ráðinu hafi borið að afturkalla launalækkunina frá og með 1. desember 2010 (sjá VIII. kafla). FFR hefur ýmsar athugasemdir fram að færa á meðhöndlun ráðsins á umkvörtunarefninu og málinu í heild sem tengjast ekki síst þeim spurningum umboðsmanns Alþingis sem ekki hefur verið svarað af kjararáði.

Vegna ákvörðunar kjararáðs frá 21. desember sl. vill FFR einnig árétta eftirfarandi:

- Launaþróun hjá viðmiðunarhópum í skilningi 8. gr. laga um ráðið gaf ekki tilefni til annars en að launalækkunin á árinu 2009 væri látin ganga til baka frá og með 1. desember 2010.

- Launaþróun hjá viðmiðunarhópum í skilningi 8. gr. laga um ráðið hefur verið með þeim hætti að kjararáði bar að taka afstöðu til launahækkunar umfram þá hækkun sem fólst í ákvörðunum ráðsins 28. júní og 21. desember sl.

- Kjararáði bar að afturkalla launalækkunina frá árinu 2010 hjá þeim forstöðumönnum sem voru færðir undir kjararáð með lögum nr. 87/2009. Laun þeirra voru lækkuð með skírskotun til þess ákvæðis í lögum nr. 127/2009 að ráðinu bæri að gæta innbyrðis samræmis í ákvörðunum sínum og að ekki mætti hækka þá sem fyrir heyrðu undir ráðið. Laun þeirra voru ekki lækkuð vegna þess að þau væru ekki „í samræmi við laun í þjóðfélaginu hjá þeim sem sambærilegir geta talist með tilliti til starfa og ábyrgðar“, sbr. 8. gr. laga um ráðið. Lög nr. 127/2009 féllu úr gildi 30. nóvember 2010 og launaþróun hjá viðmiðunarhópnum hefur ekki gefið tilefni til annars en að ráðið afturkalli þessa lækkun. Allt annað felur í sér fráhrarf frá þeirri stefnumörkun sem kjararáð hefur margítrekað í úrskurðum sínum á umliðnum misserum, þ.e. að kjararáði sé ekki ætlað að vera stefnumótandi um kjarapróun.



- Ákvarðanir á árinu 2010 um laun þeirra sem færðir voru undir kjararáð með lögum nr. 87/2009 voru með þeim hætti að kjararáði bar að leiðrétta það innbyrðis ósamræmi í starfskjörum sem þær ullu eins fljótt og kostur var eftir 1. desember 2010. Í úrskurði ráðsins um kjör þessa hóps frá 23. febrúar 2010 staðfesti kjararáð að launaákvörðanirnar myndu raska lögbundnu innbyrðis samræmi þeirra sem heyra undir ráðið. Í því ljósi taldi kjararáð edlilegt að einingarfjöldi allra þeirra sem heyra undir ráðið yrði endurskoðaður eftir 1. desember 2010 (sjá VII. kafla í úrskurði 2010.4.001).

- Kjararáð hefur ekki farið að stjórnarsýslulögum nr. 37/1993. Það ásamt tíðum breytingum á lögum um ráðið hefur grafið undan þeirri skipan sem lögum nr.47/2006 um kjararáð var ætlað að tryggja. Þetta samrýmist ekki þeim takmörkunum sem eru í stjórnarskrá og alþjóðlegum skuldbindingum á því að svipta megi menn réttinum til að semja um starfskjör sín.

Á grundvelli framangreinds og vegna þess að kjararáð hefur ekki svarað mikilvægum spurningum umboðsmanns Alþingis í bréfi til kjararáðs dags. 13. október 2011 staðfestist að Félag forstöðumanna ríkisstofnana heldur kvörtun sinni frá 14. júlí 2011 til streitu. “

Í framhaldi þessa skrifaði umboðsmaður Alþingis kjararáði nýtt bréf dags. 20.02.2012 þar sem eftirfarandi kemur meðal annars fram:

„Ég fæ ekki séð af svarbréfi kjararáðs til mín dags. 21. desember 2011, og úrskurði ráðsins, dags. sama dag, að ráðið hafi svarað öllum þeim spurningum sem ég beindi til ráðsins í bréfi, dags. 13. október 2011. Af þessu tilefni ítreka ég ósk mína. sbr. 7. gr. og 9. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, og að kjararáð veiti mér svör við þeim spurningum sem fram koma í fyrrnefndu mínu til ráðsins. Ég tek það fram að ef kjararáð telur að það hafi í úrskurði sínum frá 21. desember sl. tekið afstöðu til og svarað þar efnislega einstökum spurningum óska ég eftir að það verði skýrt.“

Það er skemmst frá því að segja að þegar þessi ársskýrsla er skrifuð þá hefur kjararáð ekki enn svarað umboðsmanni Alþingis. Kjararáð hefur ítrekað óskað eftir fresti til að svara erindunun frá 13. október 2011 sem eru afar slæm vinnubrögð og í algerri andstöðu við góða og heilbrigða stjórnarsýslu. Það er hinsvergar líklega merki um að kjararáð eigi erfitt með að svara umboðsmanni Alþingis að það óskar ítrekað eftir fresti til að svara. Síðasti frestur sem var veittur rann út 30. apríl 2012.

## 6. Starfshópur um starfsumhverfi og kjör forstöðumanna

Fjármálaráðherra óskað eftir því í bréfi til FFR þann 21. mars 2011 að félagið tilnefndi 2 fulltrúa í starfshóp um stöðu, starfsskilyrði og kjör forstöðumanna. FFR tilnefndi Stefán Eiríksson lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins og Margréti Friðriksdóttur Skólameistara Menntaskólans í Kópavogi til þessa verkefnis. Frá fjármálaráðuneyti sátu í hópnum Gunnar Björnsson skrifstofustjóri og formaður nefndarinnar, Ingþór Karl Eiríksson sérfræðingur og Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir lektor í stjórnsýslufræðum við HÍ. Ritari starfshópsins: Ágústa Hlín Gústafsdóttir sérfræðingur fjármálaráðuneyti. Hópurinn skilaði ráðherra tillögur sínar í apríl og þær voru svo kynntar á morgunverðarfundum sem var haldinn þann 25. apríl 2012. Tillögurnar gera ráð fyrir nokkuð viðamiklum breytingum á því ferli sem er viðhaft við ráðningu, mat á árangri og hæfni, launasetningu og starfslokum forstöðumanna ríkisstofnana á Íslandi. Í stórum dráttum snúast tillögurnar um að koma framangreindum ferlum í mun faglegru farveg heldur en viðgengist hefur í íslenski stjórnsýslu um árabíl. Á félagsfundum FFR þann 25. Apríl sem var haldinn í kjölfar morgunverðarfundar um málið kom skýrt fram hjá fjármálaráðherra að haldið verður áfram að vinna að því að útfæra tillögur vinnuhópsins með það að markmið að koma þeim í framkvæmd, annað hvort óbreyttum eða með breytingum.

## 7. Athugasemdir við lagafrumvörp

Undanfarið hefur stjórn FFR fengið beiðnir um umsagnir um nokkur lagafrumvörp. Á starfsárinu 2011-2012 sendi FFR inn umsagnir við nýtt frumvarp til upplýsingalaga, frumvarp til laga um breytingar á stjórnarráði Íslands, umsögn um frumvarp til breytinga á starfsmannalögum og einnig frumvarp til breytinga á lögum um kjararáð. Í kjölfar umsagna voru fulltrúar FFR yfirleitt kallaðir fyrir viðkomandi þingnefnd. Einnig voru fulltrúar FFR kallaðir á fund nefndar sem vinnur að endurskoðun laga um Ríkisendurskoðun.

## 8. Samráðsnefnd um hagræðingu í fjármálaráðuneytinu

Undanfarin ár hafa fulltrúar FFR tekið þátt í nokkuð umfangsmikill vinnu í fjármálaráðuneytinu þar sem leitað hefur verið ýmissa leiða við hagræðingu og sparnað í opinberum rekstri. Fram hafa komið margvíslegar tillögur frá fulltrúum FFR og öðrum sem hafa tekið þátt í þessu starfi. Því miður er enn óljóst hvernig ráðuneytið hyggst nýta þessar tillögur.

## 9. Málþing og námskeið starfárið 2011-2012

Eins og undanfarin ár var stofnun Stjórnsýslu og stjórn mála við Háskóla Íslands aðalsamstarfsaðili FFR við að skipuleggja og kynna málþing og námskeið á starfsárinu. Einnig komu fleiri að málþingum síðasta starfsár og má helst nefna fjármálaráðuneytið, Ríkisendurskoðun, Rannís, forsætisráðuneytið og

Nýsköpunarmiðstöð. Málþingin og námskeiðin voru almennt vel sótt og í heild komu um 1000 manns á morgunverðarfundum og námskeið á vegum FFR og stofnunar stjórnsýslufræða haust 2011 og vor 2012.

Eftirfarandi eru málþing og námskeið sem haldin voru á starfsárinu 2011-2012 á vegum FFR og samstarfsaðila:

- a) **Hvernig hafa opinberar stofnanir brugðist við efnahagslegum samdrætti?** Morgunverðarfundur á Hitlon Hóтели þann 21. september 2011 kl. 8-12.
- b) **Nýsköpun í ríkisrekstri.** Nýsköpunarþing og veiting verðlauna og viðurkenninga fyrir nýsköpun í opinberum rekstri þann 3. nóvember kl. 8.30-16 á Grand Hótel.
- c) **Fjárlagagerlið.** Morgunverðarfundur 25. janúar 2012 kl. 8.30 á Grand hótel í Reykjavík.
- d) **Starfsumhverfi forstöðumanna.** Morgunverðarfundur 25. apríl 2012 kl. 8:30 á Grand Hótel í Reykjavík.
- e) **Netvá.** Morgunverðarfundur 9. maí 2012 kl. 9:00 á Hilton Reykjavík Nordica í Reykjavík.

Auk morgunverðarfundanna voru haldin nokkur námskeið fyrir forstöðumenn ríkisstofnana í samvinnu við Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála m.a. um stofnanir Evrópusambandsins, stjórnsýslurétt og sameiningu stofnana.

## 10. Heimsókn til Matís

Föstudaginn 25. nóvember 2011 bauð Sveinn Margeirsson forstjóri Matís ohf. félögum í FFR í heimsókn. Matís er þekkingar- og rannsóknarfyrirtæki sem vinnur að þróun og nýsköpun í matvælaíðnaði, líftækni og matvælaöryggi.

## 11. Samvinna FFR og Stjórnvísis

Félag forstöðumanna ríkisstofnana ([www.ffr.is](http://www.ffr.is)) og Stjórnvísí, félag um framsækna stjórnun (<http://www.stjornvisi.is>) undirrituðu í febrúar 2011 viljayfirlýsingu um samstarf við miðlun á gagnlegum upplýsingum um stjórnun og góðar fyrirmyndir á því sviði. Félögin hafa unnið saman á síðasta ári m.a. með því að koma á laggirnar faghópi um nýsköpun og við val á stjórnanda ársins 2012.

## 12. Heimasíðan [www.ffr.is](http://www.ffr.is) og fésbókin

Félag forstöðumanna ríkisstofnana rekur heimasíðu ([www.ffr.is](http://www.ffr.is)) þar sem miðlað er upplýsingum um starfsemi félagsins auk þess að þar má finna ýmsar krækjur sem vísa forstöðumönnum á gagnlegar upplýsingar. Umsjónarmaður heimasíðunnar síðasta starfsár var Már Vilhjálmsson en hann situr jafnframt í stjórn FFR. Nú er unnið að því

að uppfæra hugbúnaðinn sem heimasíðan byggir á og mun það bæta möguleikana sem heimasíðan býður upp á við miðlun upplýsinga. Félagsmenn eru hvattir til að koma með ábendingar til stjórnar FFR varðandi heimasíðuna til þess að hún geti nýst forstöðumönnum sem best.

Stjórn Félags forstöðumanna ríkisstofnana ákvað í janúar 2011 að opna síðu á samskiptavefnum Facebook. Forstöðumenn hafa verið hvattir til að nýta sér þessa nýju leið til að fylgjast með því sem er gerast í félaginu. Slóð á síðuna er hér: <http://www.facebook.com/forstodumenn>

### 13. Að lokum

Starfið hjá stjórn og starfskjaranefnd Félags forstöðumanna ríkisstofnana var annasamt á starfsárinu 2011-2012. Mikið starf hefur verið unnið af stjórn, starfskjaranefnd og fulltrúum FFR í nefndum á vegum stjórnvalda til að stuðla að betri og faglegri umfjöllun um mál forstöðumanna ríkisstofnana. Betur má ef duga skal, enn er mörgu ólokið sem þarf að fylgja fast eftir.

Hugsanlega þarf á næstu misserum að stuðla að samvinnu ákveðinni hópa forstöðumanna í stjórnsýslunni t.d. vegna framkvæmdar stofnanasamninga. Einnig virðist brýnt að huga að því að FFR fái aðild að samninganefnd ríkisins til að tryggja upplýsingaflæði frá vettvangi stofnana.

Stjórn og starfskjaranefnd FFR eru skipuð afar góðum og samhentum hópi forstöðumanna sem eru tilbúnir að leggja á sig mikla vinnu til að stuðla að framgöngu mikilvægra mála sem tengjast betri og faglegri stjórnsýslu og réttindum forstöðumanna. Öllu þessu fólki og öðrum sem sinnt hafa störfum eða mætt á fundi FFR er þakkað fyrir mikilvægt framlag til félagsins.

*Fyrir hönd stjórnar Félags forstöðumanna ríkisstofnana  
Magnús Guðmundsson formaður FFR*